

7. fundur 28. september 2020

Dagskrá:

1. Afmæli FVSA 2. nóvember n.k. (90 ára)
 - a) Saga félagsins
Bragi V. Bergmann mætti á fundinn en hann var fenginn til að vera með ritnefndinni á lokasprettinum vegna söguritunarinnar
Gerði hann grein fyrir stöðu mála og eftir mikla myndavinnu undanfarið er farið að sjá fyrir endann á verkinu. Fór hann vel yfir á hvern hátt væri hægt að prenta bókina og kostnaðinn við það ca. Ákveða þarf fjöldann sem prenta á.
 - b) Þá var rætt um hvað fleira væri hægt að gera sem kæmi sem flestum félagsmönnum til góða í tilefni afmælisins.
Hugmyndir eru um sýningu á Glerártorgi úr sögu félagsins, senda kökur á vinnustaði, veita styrki til félagasamtaka, sem yrðu fyrir valinu, svo eitthvað sé nefnt.
Nú yfirgaf Bragi fundinn og hélt umræðan áfram.
Samþykkt að hafa sýningu á Glerártorgi og veita styrki til eftirfarandi félagasamtaka:
Krabbameinsfélag Akureyrar 1.000.000.-
Mataraðstoð hjálparsamtaka Eyjafjarðar 1.000.000.-
Bjarmahlíð (Kvennathvarf) 1.000.000.-
2. Viðhald fasteigna
Búið er að mála íbúðirnar í Rvk og þrifa þær en annað var geymt til október loka vegna Covid-19, en þá verður skipt út gardínum og hluta af húsgögnum.
3. 44. Þing ASÍ 21. 23. Okt n.k.
Að þessu sinni verður það haldið rafrænt og stendur aðeins dagspart.
4. 6. Þing ASÍ-UNG var haldið 11. september og var það einnig rafrænt.
Halldór Óli Kjartansson sagði frá þinginu og Hulda Björnsdóttir varamaður í stjórn var kosin aðalmaður í stjórn ASÍ-UNG.
5. Samþykkt að kanna með lóð í Vaglaskógi með tilliti til að byggja annað sumarhús þar.
6. Kjaramál.
Rætt var um stöðuna ef kjarasamningum yrði sagt upp. Farið var vítt og breitt yfir málin.
7. Önnur mál
Jólafundur verður haldin 4. desember n.k. Eiður sagði frá kynningu sem framundan er hjá félaginu fyrir 10. bekki grunnskóla. Samþykkt að styrkja auglýsingagerð sem krakkarnir gera fyrir jafnaldra sína.

Fleira ekki gert og fundi slitið